

Eftirfylgni
stjórnsýsluúttekta
ársins 2004
Maí 2008

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
1. LYFJAKOSTNAÐUR	4
2. NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN	7
3. DVALARHEIMILIÐ HÖFÐI	9
4. FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI	10
5. HÁSKÓLAMENNTUN	11

Inngangur

Samkvæmt 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun felst stjórnsluendurskoðun í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni er gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum er framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal vekja athygli á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda á leiðir til úrbóta.

Hverri stjórnsluúttekt er fylgt eftir með athugun á því hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Slíkar athuganir eru liður í mati á árangri stjórnsluendurskoðunar. Árangur er metinn út frá því hvort telja megi óyggjandi að ábending hafi verið framkvæmd þremur árum eftir að hún er sett fram.

Árið 2007 var eftirtöldum fimm úttektum frá árinu 2004 fylgt eftir með framangreindum hætti:

Lyfjakostnaður. Notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi.

Náttúrufræðistofnun. Rekstrar- og fjárhagsvandi.

Dvalarheimilið Höfði, Akranesi. Rekstur og fjárhagsstaða árin 2000-2002.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Stjórnsluendurskoðun.

Háskólamenntun. Námsframboð og nemendafjöldi.

Fjöldi ábendinga:	38
Framkvæmdar:	21
EKKI framkvæmdar:	11
Framkvæmdar að hluta:	6

Samtals voru settar fram 38 ábendingar í þessum skýrslum. Af þeim taldi Ríkisendurskoðun að 21 (55%) hefði verið framkvæmd að fullu, 6 (16%) að hluta en 11 (29%) hefðu ekki verið framkvæmdar.

1. Lyfjakostnaður

Ríkisendurskoðun lauk við stjórnarsýsluúttekt sína *Lyfjakostnaður. Notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi* í mars 2004. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að lyfjakostnaður á hvern landsmann sé um 46% hærri hér á landi en að meðaltali fyrir íbúa Danmerkur og Noregs. Leitað var skýringa á þessum mun og einkum bent á að hér á landi væru ódýr samheitalyf minna notuð en annars staðar og að kostnaður við dreifingu og sölu lyfja væri meiri en í samanburðarlöndum. Greindar voru ástæður þessa og bent á hugsanlegar leiðir til að auka notkun ódýrari lyfja og minnka kostnað við sölu og dreifingu þeirra. Athugun Ríkisendurskoðunar beindist því jafnt að lyfjanotkun og framboði lyfja, lyfjaverði og greiðsluþátttöku sem stjórn-sýslu lyfjamála.

Fjöldi ábendinga: 14
Framkvæmdar: 7
Ekki framkvæmdar: 7

Ríkisendurskoðun beindi í skýrslunni 14 ábendingum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Árið 2007 höfðu 7 þeirra verið framkvæmdar að mati stofnunarinnar.

I. Ábendingar sem lúta að lyfjaverði og greiðsluþátttöku ríkisins:

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
I.1. Lagt er til að greiðsluþátttöku ríkisins verði breytt þannig að hún miðist við lægsta verð á lyfi með sama virka efni (samheitalyfi) í þeim löndum sem Íslendingar hafa hliðsjón af við ákvörðun lyfjaverðs.	<i>Greiðsluþátttöku ríkisins hefur ekki verið breytt þannig að hún miðist við lægsta verð á samheitalyfi í þeim löndum sem Íslendingar hafa hliðsjón af við ákvörðun lyfjaverðs.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>
I.2. Lagt er til að hlutur sjúklunga í lyfjaverði fari eftir skammtastærð í stað þess að greidd sé föst krónutala fyrir hverja afgreiðslu óháð magni.	<i>Reglur um stærð lyfjaskammta hafa ekki breyst frá því sem áður var.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>
I.3. Lagt er til að fylgst verði grannt með lyfjaverði annars staðar á Norðurlöndunum og að hámarksverð verði endurskoðað komi í ljós að verðmunur hafi aukist frá síðustu verðkönnun. Einnig kemur til álita að kanna hvort raunhæft sé að gera verðsamanburð við fleiri lönd í Evrópu.	<i>Endurskoðun skráðs lyfjaverðs til samræmis við breytingar á meðalverði frumlyfja annars staðar á Norðurlöndum hefur ekki átt sér stað.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>

<p>I.4. Lagt er til að núverandi álagningarhlutföll í heildsölu og smásölu verði endurskoðuð þannig að hvatt sé til sölu á ódýrari lyfjum.</p>	<p><i>Hvorki álagningarhlutföll né ákvörðun álagningar með öðrum hætti hafa verið endurskoðuð.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i></p>
<p>I. 5. Lagt er til að lyfjaverð apóteka verði kannað reglulega og niðurstöður birtar með aðgengilegum hætti.</p>	<p><i>Lyfjastofnun birtir upplýsingar um hámarksverð lyfja í lyfjaverslunum en afslættir sem veittir eru af kostnaðarhlutdeild sjúklings skekkja þá mynd sem upplýsingarnar veita.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i></p>
<p>I. 6. Lagt er til að kannað verði í samstarfi við rekstrar aðila apóteka hvort fækka megi útsölustöðum eða gera rekstur þeirra hagkvæmari á annan hátt til að draga úr kostnaði.</p>	<p><i>Í mars 2005 var skipaður vinnuhópur til að leggja mat á ýmis atriði í rekstri og starfsumhverfi smásöluverslunar með lyf. Niðurstaða hópsins var m.a. sú að með fækkun lyfjaverslana mætti hagræða og skapa möguleika á lægri álagningu.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
<p>I 7. Lagt er til að stjórnýsla lyfjamála verði endurskipulögð með það fyrir augum að sameina verkefni og fækka aðilum sem annast mála flokkinn.</p>	<p><i>Með lögum nr. 83/2004 um breytingu á Lyfjalögum nr. 93/1994 var stjórnýsla lyfjamála einfölduð. Starfsemi Lyfjaverðsnefndar og Greiðsluþáttökunefndar var sameinuð í eina nefnd, Lyfjagreiðslunefnd.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>

II. Ábendingar sem lúta að lyfjamarkaðinum og framboði lyfja:

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
<p>II.1. Lagt er til að stjórnvöld fylgist með því að fyrirkomulag við dreifingu lyfja hamli ekki auknu framboði samheitalyfja.</p>	<p><i>Skýrsla sem ráðuneytið lét vinna tók meðal annars á þessu viðfangsefni. Þá hafði heilbrigðisráðuneytið unnið að frumvarpsdrögum til breytinga á Lyfjalögum að því er varðar þetta málefni.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
<p>II.2. Lagt er til að stjórnvöld leiti eftir undanþágu frá kröfum um að umbúðir lyfs séu merktar á íslensku og fylgiseðli á íslensku sé pakkað með lyfinu.</p>	<p><i>Heilbrigðisráðuneytið taldi engar líkur á því að undanþága frá reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um merkingar lyfja verði veitt, þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum möguleika í löggjöf ESB. Ráðuneytið taldi engu að síður möguleika á að lyfjaverslanir afhendi prentaðan íslenskan upplýsingatexta við afhendingu lyfja í stað þess að gerð sé krafa um að íslenskur fylgiseðill fylgi hverri lyfjapakkingu. Ráðuneytið leitar nú leiða til að útfæra þennan möguleika.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>

II.3. Lagt er til að lyfjakaup ríkisins verði boðin út enn frekar en nú er gert. Haldið verði áfram að vinna með Ríkiskaupum að útboðum á lyfjakaupum heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp 4. okt. 2006 til að útfæra hagkvæma umsýslu lyfjainnkaupa stofnana og fyrirtækja á ríkisframlagi. Hópurinn skilaði ráðherra tillögum í nóv. sama ár, þ. á m. drögum að samstarfssamningi stofnana um verkefnið. Þann 1. nóv. 2007 skipaði ráðherra vinnuhóp til að koma tillögnum í framkvæmd, m.a. að hefja skipulegt samstarf sjúkrahúsa um samvinnu við útboð og innkaup á lyfjum.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

Lyfjaútboð hafa aukist nokkuð síðustu ár; u.þ.b. 25% lyfja sem samið var um í síðasta útboði (2007) hafði ekki verið samið um áður í útboði. Í útboði sem nú stendur yfir (maí 2008) eru boðnir út 38 ATC flokkar, þar af 17 sem ekki hafa verið boðnir út áður.

III. Ábendingar sem lúta að lyfjanotkun:

Ábendingar 2004

Viðbrögð

Mat 2007

III.1. Lagt er til að stjórnvöld veiti fagfólki og almenningi betri og aðgengilegri upplýsingar um lyf.

Í lyfjastefnu til ársins 2012 er kveðið á um að upplýsingagjöf um lyfjamál verði efla og vefsíða Lyfjastofnunar virkjuð frekar til að miðla upplýsingum. Þessu markmiði var að mestu náð með opnun nýs vefs Lyfjastofnunar árið 2007.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

III.2. Lagt er til að tölfræði á sviði lyfjamála verði samræmd þannig að allir aðilar sem starfa að lyfjamálum hafi aðgang að réttum upplýsingum.

Samræmdar tölfræðiupplýsingar um lyfjamál eru enn ekki aðgengilegar árið 2007 að mati Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.

III.3. Lagt er til að gerð verði krafa um að sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum sé skylt að starfa eftir lyfjalistum og að virkt eftirlit sé með notkun þeirra þannig að ávísað sé á ódýrasta samþærilega lyfið þegar það á við.

Árið 2007 var ekki gerð krafa til heilbrigðisstofnana um að þær störfuðu eftir lyfjalistum.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.

III.4. Lagt er til að eftirlit með lyfjanotkun og rannsóknir á því sviði verði efla. Sérstaklega sýnist ástæða til að skýra hvers vegna notkun tauga- og geðlyfja hafi tvöfaldast hér á landi á áratug og sé núna talsvert meiri en annars staðar á Norðurlöndunum.

Í apríl 2007 var stofnsett Rannsóknarstofnun um lyfjamál. Markmið hennar er að auka rannsóknir og fræðslu um lyfjanotkun og lyfjastefnu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

2. Náttúrufræðistofnun

Ríkisendurskoðun lauk úttekt sinni á rekstrar- og fjárhagsvanda Náttúrufræðistofnunar í nóvember 2004. Helstu niðurstöður voru þær að fyrir hefði þurft að grípa til ráðstafana til að glíma við þennan vanda. Einnig taldi Ríkisendurskoðun að með þáverandi fjárhagsramma gæti stofnunin ekki sinnt með fullnægjandi hætti öllum þeim verkefnum sem hún hefði á sinni könnu og byggðust á lögum.

Fjöldi ábendinga: 11
Framkvæmdar: 8
Ekki framkvæmdar: 3

Í úttektinni voru settar fram 11 ábendingar um úrbætur sem flokkaðar voru í þrennt. Þar af taldi stofnunin árið 2007 að 8 hefðu verið framkvæmdar.

I. Ábendingar sem lúta að fjármálum og starfsemi Náttúrufræðistofnunar almennt

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
I.1. Til að bæta fjármálastjórn er lagt til að fjárveiting til stofnunarinnar verði óskipt og vald forstjóra skýrt.	<i>Nýtt skipurit tók gildi 1. janúar 2006 og voru setrin tvö m.a. lögð niður. Heildar-fjárheimild stofnunarinnar er sett fram á einu viðfangi í fjárlögum í stað þriggja áður.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
I.2. Lagt er til að gerð verði aðgerðaáætlun sem sé í samræmi við ákvörðun um fjármögnun stofnunarinnar. Hún sé til nokkurra ára og lýsi þeim kostnaðarramma sem miða á við og hverju skuli breyta í rekstrinum. Áætlunin skuli ná til aðgerða, fjárhæða og tímasetningar og vera samþykkt af báðum aðilum.	<i>Ráðgjafafyrirtæki vann áfram út frá þeim niðurstöðum og ábendingum sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Skýrsla var gefin út í febrúar 2005 og fjallaði hún m.a. um fjármálastjórn, fjármögnun, verklag og skipulag Náttúrufræðistofnunar. Þessi vinna hafði árið 2007 nýst stofnuninni en hún hafði þó ekki gert raunverulega aðgerðaáætlun í samvinnu við ráðuneytið.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>
I.3. Lagt er til að skýr stefna verði mótuð til framtíðar sem byggji á jafnvægi milli fjárframlags og verkefna sem stofnuninni verður falið að sinna.	<i>Fjárframlög voru árið 2007 meira í takt við verkefni stofnunarinnar en áður var, en skýr framtíðarstefna hafði ekki verið mótuð.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>
I.4. Lagt er til að umhverfisráðuneytið og Náttúrufræðistofnun kanni ásamt fjármálaráðuneytinu hvort forsendur séu til að leiðrétta fjárveitingar í samræmi við vinnureglur við fjárlagagerð, m.a. vegna húsnæðiskostnaðar.	<i>4,5 m.kr. leiðrétting fékkst á fjáraukalögum ársins 2004 og á fjárlögum ársins 2005 vegna kostnaðar við rekstur húsnæðis í Reykjavík. Aukinn húsnæðiskostnaður vegna leigu stofnunarinnar í nýju húsnæði á Akureyri var bættur með 22,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2005 og með 5,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu árið 2006.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>

I.5. Lagt er til að forsendur fjárlaga verði skoðaðar. Þannig megi færa sértekjukröfur að raunverulegum tekjum og hækka framlög til samræmis við það.

Í fjárlagafrumvarpi til ársins 2008 var sértekjukrafa stofnunarinnar lækkuð um 20 m.kr og útgjöld lækkuð um sömu fjárhæð á móti í samráði við fjármálaráðuneytið.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

I.6. Lagt er til að sérstaklega verði tekið á uppsöfnuðum vanda. Ákveða þarf hvort stofnunin skuli greiða hann niður af rekstrarfé sínu eða hvort hann verði greiddur með sérstakri fjárveitingu.

Strax árið 2004 var ákveðið að ekki yrði um að ræða frekari samdrátt í starfsemi stofnunarinnar, frekari uppsagnir eða niðurskurð verkefna. Aukin fjárframlög vegna rekstrarvanda voru 12 m.kr. í fjáráukalögum 2004, 36,5 m.kr. í fjáráukalögum 2005 og 15 m.kr. á fjáráukalögum 2006.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

II. Ábendingar sem lúta að stjórn og skipuriti Náttúrufræðistofnunar

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
I.1. Lagt er til að breytingar verði gerðar á stjórnskipulagi sem aukið gætu sveigjanleika og skýrt ábyrgð, en stjórnskipulag stofnunarinnar er óþarflega flókið miðað við stærð hennar og ábyrgð ekki nægilega skýr.	<i>Nýtt stjórnskipulag tók gildi 1. janúar 2006. Sviðaskipting var lögð niður og hefur stofnunin nú fimm deildir sem taka mið af helstu hlutverkum stofnunarinnar í lögum, stefnuáherslum og starfsemi.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
I.2. Lagt er til að skipuriti verði breytt svo að fagstjórnendur falli beint undir forstjóra.	<i>Skv. nýju skipuriti frá 1. janúar 2006 heyrja allir fimm forstöðumenn deilda beint undir forstjóra.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
I.3. Lagt er til að reglugerð verði uppfærð, þar sem hún hefur ekki fylgt breytingum á stjórnarháttum og óljóst er hvaða hlutverki hún gegnir við stjórn stofnunarinnar.	<i>Reglugerðin hafði ekki verið uppfærð árið 2007.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>

III. Ábendingar sem lúta að hlutverki Náttúrufræðistofnunar

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
II.1. Lagt er til að skoðað sé hvort færa eigi almennar náttúrurannsóknir sem stundaðar eru í ýmsum öðrum stofnunum ríkisins til Náttúrufræðistofnunar.	<i>Umhverfisráðuneytið setti fram tillögur árið 2006 um hugsanlegan flutning verkefna og málaflokka milli ráðuneyta.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
II.2. Lagt er til að þáttur Náttúrufræðistofnunar í rekstri náttúrugripasafns sé skýrður.	<i>Með lögum nr. 35/2007 fluttist rekstur og forræði Náttúrugripasafns Íslands yfir til menntamálaráðuneytisins.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>

3. Dvalarheimilið Höfði

Ríkisendurskoðun lauk við stjórnisýsluúttekt sína á rekstri og fjárhagsstöðu dvalarheimilisins Höfða á Akranesi í janúar 2004. Hún leiddi m.a. í ljós að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði önnur sjónarmið en sveitarstjórnarmenn um ábyrgð vegna uppsafnaðs rekstrarhalla heimilisins. Sveitarstjórnarmenn töldu að útgjöldum vegna rekstrar dvalar- og öldrunarheimila yrði ekki velt yfir á sveitarfélögin þar sem ríkið sæi um fjármögnun þeirra samkvæmt lögum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hélt því hins vegar fram að fjárhagsábyrgð ríkisins takmarkaðist við rekstrarframlag sem ákveðið væri í reglugerð og fjárlögum.

Fjöldi ábendinga: 2
Framkvæmdar: 1
Ekki framkvæmdar: 1

Í skýrslunni voru settar fram tvær ábendingar um úrbætur. Ríkisendurskoðun taldi árið 2007 að önnur þeirra hefði verið framkvæmd en hin ekki.

I. Ábendingar um úrbætur á rekstri og fjárhagsstöðu

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
1. Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mæli fyrir um að öldrunarheimili með blandaðri starfsemi, skili ráðuneytinu uppgjörum þar sem greint er milli kostnaðarþátta með samræmdum hætti.	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði árið 2007 unnið að samræmingu bókhaldslykla hjá öldrunarheimilum og útbúið sérstök eyðublöð sem notuð eru til að kalla eftir samræmdum fjárhagsupplýsingum frá þeim.	Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.
2. Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tryggi með ótvíræðum hætti fjárhagslega ábyrgð á rekstri heimila fyrir aldraða sem ríkið fjármagnar en aðrir aðilar reka.	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið vinnur að gerð þjónustusamninga við öldrunarheimili. Með þjónustusamningum má tryggja fjárhagslega ábyrgð á rekstri þjónustu sem ríkinu er skylt að bjóða fram en það felur öðrum aðila að annast framkvæmd á. Ráðuneytið hafði þó enn ekki komið á þjónustusamningum við öldrunarheimilin árið 2007.	Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.

4. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

Ríkisendurskoðun lauk stjórnsluúttekt sinni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA) í ágúst 2004. Meginniðurstaða úttektarinnar var sú að sjúkrahúsið stæðist samanburð við Landspítala-háskólasjúkrahús og hliðstæð brek sjúkrahús þegar horft væri til skilvirkni og gæða þjónustunnar. Hins vegar hefði uppbygging húsnæðis verið ómarkviss og ekki hefði tekist að halda rekstrarkostnaði innan ramma fjárlaga.

Fjöldi ábendinga: 3
Framkvæmdar: 2
Framkvæmdar að hluta: 1

Ríkisendurskoðun setti fram tvær ábendingar til stjórnenda FSA um úrbætur í starfseminni. Að auki var heilbrigðisyfirvöldum bent á að skýr stefnumótun um hlutverk FSA væri forsenda þess að stofnunin gæti haldið áfram að þróast sem öflugt sérgreinasjúkrahús. Ríkisendurskoðun taldi árið 2007 að tvær ábendingar hefðu verið framkvæmdar að fullu og sú þriðja að hluta.

I. Ábending til heilbrigðisyfirvalda

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
I.1. Marka þarf skýrari stefnu um hlutverk FSA.	Í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 er fjallað sérstaklega um FSA í 21. gr. Þar er hlutverk þess skilgreint með ítarlegri hætti en í eldri lögum.	Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

II. Ábendingar til FSA

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
II.1. Gera þarf umbætur á upplýsingakerfum svo að þau geti gefið viðeigandi fjárhagsupplýsingar þegar á þarf að halda.	Möguleikar til að fá sundurliðaðar fjárhagsupplýsingar minnkuðu eftir að launavinnsla var flutt í Oracle-kerfið í ársbyrjun 2007. Stjórnendur FSA höfðu átt í viðræðum við Fjársýslu ríkisins um nauðsynlegar umbætur á kerfinu. Stefnt er að því að þeim verði lokið á fyrri hluta þessa árs og verður þá m.a. unnt að fá upplýsingar um kostnað hvernar deildar og stöðu miðað við áætlanir á hverjum tíma.	Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.
II.2. Leita þarf leiða til að stytta legutíma.	Legutími hafði styst frá því að skýrslan kom út. Ef bornar eru saman 10 tegundir meðferða (DRG-flokkar) kemur í ljós að meðallegutími 8 þeirra var styttri árið 2006 en árið 2002. Meðallegutími sjúklinga sem þáðu þessar 10 tegundir meðferða styttist um 18% á tímabilinu.	Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

5. Háskólamenntun

Ríkisendurskoðun lauk stjórnýsluúttekt sinni á háskólamenntun, námsframboði og nemendafjölda í júní 2004. Meginniðurstaða hennar var sú að framboð og eftirspurn hefðu ráðið mestu um námsframboð og nemendafjölda háskóla á tímabilinu 1995–2003. Menntamálaráðuneytið gerði á árunum 1999–2001 samninga við háskóla um kennslu og fjárhagsleg samskipti. Þeir reyndust ekki það stjórnþæki sem þeim var ætlað að vera.

Fjöldi ábendinga: 8
Framkvæmdar: 3
Framkvæmdar að hluta: 5

Í skýrslunni voru settar fram samtals 8 ábendingar um úrbætur. Þeim var skipt í þrjá hluta og sneri fyrsti hlutinn að stefnu og yfirstjórn háskólastigsins, annar að opinberum kröfum til háskóla og þriðji að fjármögnun háskóla. Ríkisendurskoðun taldi árið 2007 að þrjár ábendingar hefðu verið framkvæmdar að fullu og fimm að hluta.

I. Stefna og yfirstjórn háskólastigsins

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
I.1. Lagt er til að mótuð verði opinber og áþreifanleg heildarstefna um háskólastigið þar sem verkefnum er forgangsraðað, þau tímasett og mælanleg markmið skilgreind.	<i>Ný lög um háskóla tóku gildi í júlí 2006. Í þeim birtist heildarstefnumótun yfirvalda um háskólastigið með ýmsu móti. Hins vegar höfðu yfirvöld ekki sett mælanleg og tímasett heildarmarkmið á þessu sviði.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
I.2. Lagt er til að skoða hvort sameina eigi alla stjórnýslu á sviði háskólamála undir einu ráðuneyti.	<i>Frá og með áramótum 2007/2008 heyra allir háskólar undir menntamálaráðuneytið.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>

II. Opinberar kröfur til skóla

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
II.1. Lagt er til að óbirtar reglur menntamálaráðuneytisins um útgáfu starfsleyfa til háskóla verði gerðar aðgengilegar.	<i>Með nýjum lögum um háskóla var fellt úr gildi að einkaskólar eða sjálfseignarstofnanir þyrftu sérstakt starfsleyfi menntamálaráðherra. Í staðinn verða allir háskólar að sækja um viðurkenningu menntamálaráðherra, sbr. reglur nr. 1067/2006 sem birst hafa í Stjórnartíðindum.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
II.2. Lagt er til að skoðað verði hvort gera skuli formlegan greinarmun á skólum á háskólastigi, t.d. hvað varðar framhaldsnám á háskólastigi og rannsóknir.	<i>Þeir háskólar sem fá viðurkenningu á ákveðnu fræðasviði geta boðið upp á bakkalár- og meistaranám. Hyggist háskólar bjóða doktorsnám þurfa þeir að uppfylla strangari kröfur. Þessi flokkun birtist þó ekki í mismunandi lögheitum háskólastofnana, líkt og erlendis.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>

<p>II.3. Lagt er til að yfirvöld menntamála, þ.e. bæði menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti stuðli að því að viðurkenning prófgráða verði gerð formlegri.</p>	<p><i>Með nýjum lögum um háskóla er skilgreindur rammi fyrir allar prófgráður háskóla. Einnig hefur verið gefið út viðmið um æðri menntun og prófgráður, þar sem allt nám er skilgreind út frá námsmarkmiðum.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
---	---	--

III. Fjárveitingar

Ábendingar 2004	Viðbrögð	Mat 2007
<p>III.1. Lagt er til að skoðað verði hvort árangurstengja eigi fjárveitingar til kennslu á háskólastigi að einhverju leyti.</p>	<p><i>Reglur um fjárveitingar til háskóla eru í endurskoðun en þeirri vinnu er ekki lokið.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>
<p>III.2. Lagt er til að skoðað verði hvort eðlilegt sé að greiða skólum mishátt framlag eftir því hvort nemandi er í framhaldsnámi eða ekki.</p>	<p><i>Reglur um fjárveitingar til háskóla eru í endurskoðun en þeirri vinnu er ekki lokið.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>
<p>III.3. Lagt er til að menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti noti áþekkar aðferðir við skiptingu fjárveitinga til háskóla.</p>	<p><i>Reglur um fjárveitingar til háskóla eru í endurskoðun en þeirri vinnu er ekki lokið.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>